

Formáli ritstjóra

Samskipti og samskiptavandi trúaðra og trúlausra, samsláttur hins andlega og veraldlega á 16. öld, guðspjöllin sem boð um lítúrgíska endurskoðun, staða þjóðkirkjunnar við þúsaldamót og hugmyndafræðileg líkindi á milli Páls postula og stóumansins Seneca. Þetta er meðal þess efnis sem lesa má um í *Ritröð* sumarsins sem inniheldur þrjár greinar, tvo fyrirlestra og tvo ritdóma. Fjölbreytnin er lýsandi fyrir fjölbreytt viðfangsefni guðfræðinnar.

Í fyrirlestri sínum sem var fluttur á málstofu Guðfræðistofnunar þann 22. febrúar sl. — á einkar vel sótttri málstofu — fjallar Árni Bergmann um samskipti trúaðra og guðlausra út frá þáttum eins og þjóðernishyggju, stríði og átökum, bókstafstrú, spurningum um tilgang lífsins og sjálfs gagnrýni.

Hjalti Hugason tekur fyrir mál Guðbjargar Kolbeinsdóttur í Mývatnssveit á 16. öld og greinir samþættingu hins andlega valds og hins veraldlega í því sambandi. Málið gefur innsýn í þá óvissu sem ríkti á ýmsum sviðum samfélagsins í kjölfar siðaskiptanna á Íslandi.

Fyrirlestur Gordons Lathrop, sem fluttur var á málstofu Guðfræðistofnunar þann 9. nóvember 2015, er hér birtur í sinni upprunalegu mynd, þ.e.a.s. á ensku. Í fyrirlestrinum greinir Lathrop og leggur áherslu á lítúrgíska karakter guðspjalla Nýja testamentisins sem kalli kristna söfnuði í sífellu til endurmats á stöðu sinni.

Í grein sinni fjallar Pétur Pétursson um stöðu íslensku þjóðkirkjunnar frá miðri 20. öldinni og kröfu hennar um aukið sjálfstæði gagnvart ríkinu, á sama tíma og hún krafðist aðgangs að hinu opinbera rými á þeim forsendum að hún væri grundvallartrúarstofnun samfélagsins.

Rúnar M. Þorsteinsson ber saman guðfræði og siðfræði tveggja samtímamanna, Páls postula og stóumansins Seneca. Samanburðurinn staðfestir þær nánú hliðstæður sem margir fræðimenn hafa bent á á milli siðfræði Páls og Seneca og jafnframt eru færð rök fyrir því að guðfræðilegar hliðstæður hafi verið meiri á milli þeirra en hingað til hefur verið talið.

Rúnar M. Þorsteinsson